

Jón Eiríkur Guðmundsson,
Bygginga- og skipulagsfulltrúi Kjósarhreppi
Ásgarði
276 Mosfellsbæ



Reykjavík, 27. nóvember 2013
Tilvísun: UST20131100046/ksj

tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Vindáss í Kjósarhreppi.

Vísað er til erindis bygginga – og skipulagsfulltrúa Kjósarhrepps er barst 7. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi í landi Vindáss. Skipulagssvæðið er 6,712 ha að stærð og tekur til tveggja lóða Vindáss 2, Hamrahlíðar er skiptist í 4 spildur og Vindáss 3, Birkihlíðar er skiptist í 3 spildur. Skipulagið liggur í brattri hlíð mót suðri. Neðri hluti svæðisins er kjarri vaxinn en efri hlutinn er brattur og gróðurminni.

Náttúrulegur birkiskógur

Ofangreindar frístundalóðir eru áætlaðar á svæði þar sem vex upprunalegur birkiskógur. Samkvæmt stefnumörkun stjórnvalda skal forðast röskun upprunalegra birkiskóga. Í ritinu *Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi Stefnumörkun til 2020*, kemur eftirfarandi fram: „Forðast verði eins og kostur er að skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur lykilvistkerfi Íslands.“ Þar af leiðandi þarf að velja frístundahúsum stað innan byggingarreita þar sem ekki þarf að ryðja upprunalegt birki.

Niðurstaða

Deiliskipulag í landi Vindáss er deiliskipulag 7 frístundalóða og þegar hafa frístundahús verið reist á 3 þeirra. Deiliskipulagssvæðið er gróið upprunalegum birkiskógi og því þarf að vanda staðsetningu frístundahúsa.

Virðingarfyllt

Kristín S. Jónsdóttir
Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Björn Stefánsson
Björn Stefánsson
Sérfræðingur